



Samherji hf.
Þorsteinn Már Baldvinsson
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík 9. nóvember 2019

Efni: Ítrekun Kveiks á viðtalsbeiðni til Samherja.

Vísað er til erindis Samherja hf. dags. 8. nóvember sl. í tengslum við fyrirhugaða umfjöllun Kveiks.

Þar sem ítrekun Kveiks um viðtalsbeiðni, eða skriflegt svar fyrir spurningum þáttarins 7. nóvember sl. var ekki svarað í erindi Samherja 8. nóvember sl. er beiðnin nú enn ítrekuð. Eins er ítrekað það boð Kveiks til Samherja frá 7. nóvember sl. að búi fyrirtækið yfir gögnum og bakgrunnsupplýsingum sem kunna að skipta máli fyrir fyrirhugaða umfjöllun er Samherja að sjálfsögðu frjálst að koma slíkum upplýsingum og gögnum á framfæri við Kveik.

Viðtalsbeiðni eins og hún var sett fram 15. og 25. október sl. og ítrekuð var 7. nóvember sl. Þannig gefst Samherja færi á að koma sínum sjónarmiðum að, sbr. 6. vinnureglna RÚV og þær lögbundnu skyldur sem hvíla á blaða- og fréttamönnum. Kveikur minnir jafnframt á þann svarfrest sem veittur var 25. október sl., og sem er nú liðinn, og skorar á Samherja að veita umbeðið viðtal á Íslandi eða svara spurningum Kveiks skriflega sem allra fyrst.

Hvað varðar efnisatriði erindis Samherja frá 8. nóvember sl. er fráleitt að halda því fram að fundarboð til London á bak við luktur dyr teljist eðlilegt eða gegnsætt ferli sem íslenskur fjölmiðill geti fallist á að taka þátt í. Frjálsleg túlkun Samherja á afstöðu fréttastjóra til slíks fundarboðs stenst ekki skoðun.

Efstaleiti 1
150 Reykjavík

+354 515 3000
sími

600307-0450
kt.

Virðingarfyllst,

Rakel Þorbergsdóttir
Fréttastjóri RÚV